



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar skóla- og frístundasviðs við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um biðlista eftir plássi á frístundaheimili

Á fundi borgarráðs 20. október 2022 lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks kalla eftir upplýsingum um fjölda barna sem voru á biðlista eftir plássi á frístundaheimilum borgarinnar þann 1. september 2022, 1. október 2022 og 20. október 2022. Í framhaldi er óskað upplýsinga um mánaðarlegan kostnað borgarinnar við hvert barn á frístundaheimili?

Svar:

Þann 30. ágúst 2022 voru 1.155 börn á biðlista eftir dvöl á frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum.

Þann 19. september 2022 voru 677 börn á biðlista eftir dvöl á frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum.

Þann 26. september 2022 voru 470 börn á biðlista eftir dvöl á frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum.

Þann 11. október 2022 var 341 barn á biðlista eftir dvöl á frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum.

Þann 8. nóvember 2022 eru 172 börn á biðlista eftir dvöl á frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum.

Reglur um þjónustu frístundaheimila gera ráð fyrir því að verði tafir á þjónustu, t.d. vegna faliðunar þá sé litið fyrst til forgangshópa. Síðan eru umsóknir afgreiddar í tímaröð en þó þannig að börnum í 1. bekk er fyrst boðin dvöl, þá börnum í 2. bekk, en þá verði ef ekki er hægt að bjóða öllum börnum dvöl, stærri hópi boðin dvöl hluta úr viku þannig að flestir fái hluta af þeirri þjónustu sem sótt var um. Þegar búið er að tryggja öllum börnum í 2. bekk dvöl verður börnum í 3. bekk og að lokum börnum í 4. bekk boðin dvöl með sama hætti og börnum í 2. bekk. Í tilteknum hverfum starfrækir Reykjavíkurborg safnfrístundaheimili fyrir börn í 3. og 4. bekk úr tilteknum skólum, börn innritast á safnfrístundaheimili á sama hátt og á önnur frístundaheimili, þ.e. 3. bekkur á undan 4. bekk. Ef um skort á starfsfólki er að ræða leitast frístundamiðstöðvar við að manna frístundaheimili fyrir yngri börn fyrst.

Mánaðarlegur kostnaður borgarinnar við hvert barn á almennu frístundaheimili var 34.773 kr. vegna ársins 2021.